

- b) Heimilt er skólastjóra að vísa nemanda frá námi ef hann hefur ekki sinnt því um lengri tíma eða hefur gerst brotlegur við reglur skólans og ekki látið skipast við áminningu. Úrskurði skólastjóra má skjóta til skólanefndar til umfjöllunar.

13. gr.

Reglugerð þessi er samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar þann 10. október 1995.

2. desember 1997

Nr. 678

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um hundahald í Reykjavík nr. 305/1989,
með síðari breytingum.**

1. gr.

1. ml. 1. mgr. 2. gr. hljóði svo:

Heilbrigðisnefnd, í umboði borgarstjórnar, er heimilt að veita lögráða einstaklingum sem búa í Reykjavík undanþágu frá 1. gr. og leyfi til hundahalds í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur með eftirfarandi skilyrðum:

2. gr.

1. ml. stafl. d. 2. gr. hljóði svo:

Skylt er leyfishafa að hafa hundinn ábyrgðartryggðan og getur heilbrigðisnefnd ákveðið að gera heildarsamning við tryggingarfélag, eitt eða fleiri.

3. gr.

1. mgr. 3. gr. hljóði svo:

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, sem gefur út umbedið leyfi að fengnu samþykki heilbrigðisnefndar.

4. gr.

Í 4. gr. komi í stað orðsins „borgarstjórn“ orðið „heilbrigðisnefnd“.

5. gr.

Í 5. gr. komi í stað orðsins „borgarstjórn“ orðið „heilbrigðisnefnd“.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða fellur niður.

7. gr.

Samþykkt þessi sem er samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1998.

Umhverfissráðuneytinu, 2. desember 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.